



## Reglugerð um AMF World Cup forkeppni

### 1. grein

Keppt er samkvæmt almennum keppnisreglum KLÍ (byggðum á almennum keppnisreglum FIQ/WTBA).

### 2. grein

Mótið er opið og þátttaka er öllum heimil. Konur fá 8 pinna í forgjöf fyrir hvern leik.

### 3. grein

Keppnin fer fram í 3 stökum mótum. 2. umferð AMF er jafnframt RIG mótið og er sér reglugerð fyrir það mót. Í 1. og 3. umferð AMF er keppt í 4 leikja seríum og verða að lágmarki 2 riðlar í boði, skipt um brautarpar eftir hvern leik. Keppa má oftast en einu sinni og ræður besta sería röðun keppenda eftir forkeppnina.

Eftir síðasta riðil fara 8 efstu leikmenn í milliriðil og taka með sér 50% skor af bestu seríu. Í milliriðli er leikin 4 leikja sería, skipt um brautarpar eftir hvern leik.

Þrjú efstu keilarar eftir milliriðil fara svo í úrslit þar sem 3. og 2. sætið keppa einn leik og sigurvegarinn þar keppir við 1. sætið einn leik.

Í 1. og 3. umferð AMF forkeppninnar skal veita verðlaun fyrir þrjú efstu úrslitasætin:

1. sæti = 3x gjald fyrir forkeppni
2. sæti = 2x gjald fyrir forkeppni
3. sæti = 1x gjald fyrir forkeppni

### 4. grein

Stigagjöf fyrir hvert mót skal vera eftirfarandi:

1. sæti – 12 stig
2. sæti – 10 stig
3. sæti – 8 stig
4. sæti – 7 stig
5. sæti – 6 stig
6. sæti – 5 stig
7. sæti – 4 stig
8. sæti – 3 stig
9. sæti – 2 stig (9. besta serían eftir forkeppni)
10. sæti – 1 stig (10. besta serían eftir forkeppni)

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærri leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár er farið í leikinn á undan og síðan koll af kalli.



## 5. grein

Önnur forkeppnin telst vera forkeppnin í RIG mótinu. Sætaröðun eftir úrslit í RIG mótinu ákvarðar stigagjöf fyrir aðra forkeppni AMF World Cup forkeppni á Íslandi.

## 6. grein

Í þriðju umferð skal veita verðlaun fyrir 12 efstu keppendur miðað við forgjöf eftir forkeppni þeirrar umferðar. Forgjöfin er 80% af mismun meðaltals 200, þó forgjöfin sé neikvæð. (Konur fá ekki auka 8 pinna á leik með almennri forgjöf)

## 7. grein

Að loknum þessum þremur mótum raðast keppendur í röð eftir samanlögðum stigafjölda úr öllum mótunum. Ef skera þarf um sætaröðun skal síðasta mót látið gilda þ.e. sá/sú sem er með fleiri stig hlýtur efra sætið. Ef þeir voru jafnir skal skoða mótið á undan.

Í undanúrslitum spila 8 keppendur 4 leiki, skipt um brautarpar eftir hvern leik.

Að loknum þessum leikjum fara 3 efstu keppendurnir í úrslit. 3. og 2. sætið keppa einn leik og sigurvegarinn þar keppir við þann sem varð í 1. sæti einn leik. Sigurvegarinn þar er AMF meistari.

## 8. grein

Erlendir leikmenn sem taka þátt í forkeppnum teljast ekki með þegar stigum er úthlutað.

## 9. grein

Sigurvegari mótsins vinnur sér inn keppnisrétt á næsta AMF World Cup, hótél gistingu og flug á staðinn.

Sá aðili af gagnstæða kyninu sem verður efstur/efst vinnur sér inn keppnisrétt á næsta AMF World Cup og hótél gistingu. Til að öðlast þátttökurétt þarf viðkomandi að hafa náð í top 9 í einhverri undankeppninni.